



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölgun fagfólks í skólaþjónustu

Þann 27. júlí 2023 lagði áheyrnarfulltrú Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn, sem vísað var til meðferðar velferðarráðs:

Nú bíða 2515 börn eftir fagfólki skólaþjónustu, langflest eftir sálfræðingi. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort eigi að fjölga stöðugildum sálfræðinga og talmeinafræðinga á komandi hausti og hvaða áætlanir liggja fyrir um hvernig skuli á þessum sí stækkandi biðlista? Ef fram heldur sem horfir munu sífellt fleiri foreldrar grípa til þess ráðs að tilkynna sig og barn sitt til Barnaverndar. Með því að tilkynna mál til Barnaverndar geta tilkynnendur verið öryggir um að mál þeirra fái skoðun. Samkvæmt lögum ber Barnavernd að skoða málið innan ákveðins tímafrests og athuga hvort ástæða sé til þess að það fari í svokallaða könnun. Þetta er vissulega fýsilegri kostur en að bíða endalaust eftir að barnið komist til fagfólks skólaþjónustu.

Svar:

Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og innleiðingu Betri borgar fyrir börn hjá Reykjavíkurborg er verið að breyta verk- og vinnulagi þegar kemur að stuðningi við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Betri borg fyrir börn miðar að því að bæta þjónustuna og færa hana í auknum mæli inn í skólaumhverfið, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í miðstöðvum borgarinnar.

Lögð er áhersla á að beita snemmtækum stuðningi um leið og foreldrar og starfsfólk skóla verða áskynja að þess sé þörf. Auk þess er unnið í auknum mæli með skólunum við að bæta innra stoðkerfi sitt með markvissari lausnaleit og lausnateymum, þannig að hægt sé að koma til móts við þarfir barna fyrr.

Boðið er upp á farsældaþjónustu tengiliðs og málstjóra, sem vinna á grundvelli stuðningsteymis og stuðningsáætlunar. Með því móti minnkar áhersla á greiningar og þau börn sem eru með vægari frávik fá aðstoð í nærumhverfi sínu. Þeim börnum sem þurfa ítarlegri inngrip er vísað á miðstöð, en fá snemmtækan stuðning á meðan beðið er.

Stefnt er að því að með breyttu fyrirkomulagi Betri borgar fyrir börn sé betur komið til móts við þarfir barna en áður hefur verið. Auk þess hefur úthlutunarkerfi skólanna verið breytt og því er lögð minni áhersla á greiningar en áður. Með því fyrirkomulagi standa vonir til að beiðnum frá skólum um aðkomu miðstöðva að skólaþjónustu fækki og þar með fækki erindum á biðlistum. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróun biðlista í því nýja og bætta fyrirkomulagi sem verið er að innleiða. Að svo stöddu stendur því ekki til að óska eftir frekari fjármagni til að fjölga stöðugildum í sálfræðinga í skólaþjónustu.